



Árshátíð Dalvíkurskóla

Skipulag fyrir 1.-10. bekk

Þema: Astrit Lindgren



Miðvikudagur 20. mars

Skólasýning fyrir 6.-10. bekk kl. 8:30

Skólasýning fyrir 1.-5. bekk kl. 11:00

Almenn sýning kl. 17:30

- ❖ Nemendur mæta þennan dag samkvæmt venju kl. 8:00. Allir verða hjá umsjónarkennara þar til skóladegi lýkur og þá fara allir heim. Engar valgreinar e.h.
- ❖ Nemendur 1.-3. bekkjar mæta aftur kl. 17:00. Rútur fara frá upphafsstöðum kl. 16:50 og áætluð koma um 17:10 í skóla.
- ❖ 4.-6. bekkur mætir kl. 17:15.
- ❖ 7.-10. bekkur: Umsjónarkennarar láta nemendur vita hvenær þeir eiga að mæta.
- ❖ Nemendur mæta með sitt nesti eins og venja er. Salurinn er upptekinn í hádeginu, en öllum nemendum er boðið upp á léttu máltíð í sinni skólastofu.
- ❖ ATH! EKKI ÞRÍFA ANDLITSMÁLNINGU AF Á MILLI SÝNINGA!

Fimmtudagur 21. mars

Almennar sýningar kl. 14:00 og 17:00.

- ❖ Venjulegur skóladagur, síðan verða nemendur 1. -6. bekk hjá umsjónarkennara þangað til þeirra atriði lýkur á fyrri sýningunni, en þá fara allir nemendur heim. **Það verður á bilinu kl. 14:15 og 14:45.** Engar valgreinar e.h.
- ❖ Nemendur mæta með nesti eins og venja er. Salurinn er upptekinn í hádeginu, en hádegismatur í heimastofu fyrir alla.
- ❖ Gott er að hafa með sér smá aukanesti til að borða áður en fyrri sýning hefst.
- ❖ Allir nemendur á yngri stigi eiga að vera mættir aftur stundvíslega kl. 16:45 og fara aftur heim að loknu þeirra atriði, á bilinu 17:15 – 17:45.
- ❖ Opið í Félagsmiðstöð fyrir nemendur í 5.-10. bekk sem þess þurfa milli kl. 13:00-18:00.
- ❖ ATH! EKKI ÞRÍFA ANDLITSMÁLNINGU AF Á MILLI SÝNINGA!

- ❖ *Foreldrar eru beðnir að sýna því skilning að almennu sýningarnar eru ekki ætlaðar nemendum.* Verð fyrir fullorðna er 800 krónur.
- ❖ Nemendur 10. bekkjar selja léttar veitingar í hléi.
- ❖ Ef áhorfendur þurfa að yfirgefa salinn áður en sýningu er lokið, vinsamlegast gerið það í hléi til að truflun verði sem minnst.
- ❖ Svona sýningu fylgir alltaf einhver aukavinna og eflaust verða margir þreyttir að loknum sýningum. *En með góðri samvinnu verður þetta hið besta mál, reynum að brosa framan í heiminn og hafa gaman að þessu öllu saman!* ☺
- ❖ Það væri gott ef einhverjir foreldrar sæju sér fært að vera með okkur og hjálpa okkur að halda utan um hópinn í kringum sýningarnar.

Með árshátíðarkveðju, kennarar og starfsfólk Dalvíkurskóla.

